

## Gröf

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur upp af botni Grundarfjarðar vestarlega, túnið liggur ofan að malarkampi, sem er við fjörðinn.

Í Gröf er tvíbýli, og eru þar tvö íbúðarhús, milli húsanna er nokkur spölur. Eru húsini venjulega kölluð Ytri- og Innri-Gröf.

Íbúðarhús Innri-Grafar stendur innar og nær sjónum. Fyrir austan húsið heitir **Kristínartún** (1), en efri hluti þess eru kallaðar **Tungur** (2). Þar standa nú fjárhús og heyhlaða. Húsið í Ytri-Gröf stendur austarlega og ofarlega í túni þess býlis, milli túnanna er vírgirðing. Í því túni eru þessi örnefni:

Vestast heitir **Kinnarvöllur** (3), sunnan við hann er **Kinnarbarð** (4). Fyrir vestan og neðan Kinnarbarð stendur frystihús. Suðvestur frá húsinu er barð, sem heitir **Kvíabarð** (5), á því eru kvíatóftir. Milli Kvíabarðs og túnsins er mjótt mýrarsund, eftir því rennur lækur, sem **Bæjarlækur** (6) er kallaður. Suður af Kvíabarðinu og fyrir vestan mýrina er hólbunga, sem **Fjárhúshóll** (7) heitir. Voru þar áður fjárhús. Vestur frá túninu, við gil, sem **Grafargil** (8) heitir, eru tóftir mjög fornlegar; eru þær í laut eða dalverpi. Hefur Grafarbærinn staðið þar áður.

Fyrir austan og ofan tún Innri-Grafar er hæð með háum steini efst, hæð þessi heitir **Sjónarhóll** (9). Inn við **Kverná** (10) neðarlega er holt, sem heitir **Lambakróarholt** (11). Upp frá túninu að innan heita **Stekkjarbörð** (12). Utanvert við **Gráborg** (13), sem er há klettaborg uppi í fjallinu upp af túnunum, rennur lækur, sem **Svartilækur** (14) heitir. Fyrir ofan Gráborg er allstór hóll, sem **Hillhóll** (15) heitir. Ofan við Gráborg er stór flói, sem **Borgarflói** (16) heitir. Norðvestur af Hillhól, við brúnina, er **Litlihóll** (17). Fyrir vestan Litlhól er lækur, sem **Merkjalækur** (18) heitir. Fellur hann í Grafargil, ræður löndum milli Grafar og Hellnafells, þaðan ræður gilið að Hellnafellunum. Fyrir austan gilið, á mótí fellunum, er hæð, sem heitir **Gilkúla** (19). Fyrir neðan kúluna er barð, sem **Háabarð** (20)

heitir, liggur það austur frá gilinu. Fyrir neðan Gráborg heita **Brekkur** (21). Fyrir austan Gráborg, við Kverná, eru tvær klettaborgir, sem heita **Selborgir** (22), þar var sel frá Gröf, eru tóftir þess vestan undir efri borginni. Fyrir ofan Selborgir eru **Selbringur** (23), ná þær frá Hillhól austur og upp að **Haflíðagili** (24). Haflíðagil kemur vestan og ofan af háfjallinu og fellur í Kverná skammt fyrir ofan Selborgir. Fyrir neðan Gráborg, við Kverná, eru grasdældir, sem heita **Baulugrófir** (25). Á milli gilja þeirra, er mynda Haflíðagil, heita **Giljatungur** (26) (**Haflíðagilstungur** (27)). Efst í tungunum er einstök borg, er heitir **Hrútaborg** (28). Fyrir vestan gilið byrja **Eldhamrar** (29) (sjá Hellnafell). Þegar gengið er suður Egilsskarð, liggur leiðin fyrir austan Hrútaborg. Fyrir austan gilin er hár hnúkur, sem **Mosahnúkur** (30) heitir. Hann er fyrir vestan **Tröllkarl** (31) og nokkuð norðar. Fyrir vestan Haflíðagil er klettafell, sem **Gráfell** (32) heitir. Er það á móts við Haflíðagilstungur (Giljatungur). Hvolfið norðan undir Tröllkarli heitir **Steindórsskriður** (33). Varð þar úti maður, er Steinþór (svo í hdr.) hét og kom sunnan yfir Arnardalsskarð, en í Haflíðagilstungum varð úti smali frá Gröf, sem Haflíði hét.

Vestan við Grafargil, nokkuð fyrir neðan Hellnafellin, er forn stekkjarrúst, sem heitir **Tumastekkur** (34). Fyrir vestan Gráborg er skarð, sem **Nautaskarð** (35) heitir. Fyrir vestan ós Grafargils gengur stórt nes norður í Grundarfjörð, er **Grafarnes** (36) heitir. Er það sérstök eign og löggiltur verzlunarstaður, er þar verzlunar- og íbúðarhús og tvö önnur íbúðarhús. Í Grafarnesi, fyrir sunnan verzlunarhúsið, er verbúð, er heitir **Tryggvaskáli** (37). Vestast í nesinu gengur frá lítill grjóttangi, sem **Gildrutangi** (38) heitir.

Í Grafarlandi, út undir merkjum milli Grafar og Hellnafells, en upp af Grafarnesi, er nýbýli, er **Fagurhóll** (39) heitir. Er þar íbúðarhús úr timbri. Dagsmörk í Gröf eru þessi: Dagmál á Svartahnúk, hádegi á Smjörhnúk eða austan við hann á Digramúla, nón á **Nónkúlu** (40) fyrir vestan Nautaskarð, miður aftann á Mýrahyrnu, náttmál á norðurhorni Skerðingsstaðafjalls.

Stafrófsskrá örnefna.

Baulugrófir 25  
Borgarflói 16  
Brekkur 21  
Bæjarlækur 6  
Eldhamrar 29  
Fagurhóll 39  
Fjárhúshóll 7  
Gildrutangi 38  
Giljatungur 26 = 27  
Gilkúla 19  
Gráborg 13  
Grafargil 8  
Grafarnes 36  
Gráfell 32  
Háabarð 20  
Haflíðagil 24  
Haflíðagilstungur 27 = 26  
Hillhóll 15  
Hrútaborg 28  
Kinnarbarð 4  
Kinnarvöllur 3  
Kristínartún 1  
Kverná 10  
Kvíabarð 5  
Lambakróarholt 11  
Litlihóll 17  
Merkjalækur 18  
Mosahnúkur 30  
Nautaskarð 35  
Nónkúla 40  
Selborgir 22  
Selbringur 23  
Sjónarhóll 9  
Steindórsskriður 33  
Stekkjarbörð 12  
Svartilækur 14  
Tryggvaskáli 37  
Tröllkarl 31  
Tumastekkur 34  
Tungur 2